

Kópavogsbær
B.t. bæjarstjóra
Digranesvegi 1
200 Kópavogur



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsögötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 27. júní 2022
Tilv.: MRN22020372/6.14.2

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Hörðuvallaskóla lokið

Þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneyti fól Menntamálastofnun að gera úttekt á Hörðuvallaskóla vorið 2017. Úttektin var gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og var markmiðið að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Skýrslu um úttektina var skilað til ráðuneytisins í júní 2017. Í kjölfar skýrslunnar sendi ráðuneytið sveitarfélaginu bréf með óskum um umbætur dags. 16. ágúst 2017. Umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans barst ráðuneytinu dags. 12. desember 2017.

Ráðuneytið sendi sveitarfélaginu bréf dags. 2. maí sl. með beiðni um upplýsingar um hvernig hafi gengið að framfylgja þeim umbótum sem fram koma í umbótaáætlun frá júní 2017. Svarbréf skólastjóra með upplýsingum um framgang umbóta og staðfestingu hans á að umbótum í kjölfar úttektar væri lokið barst ráðuneytinu dags. 16. júní sl. Með tölvupósti dags. 16. júní sl. óskaði ráðuneytið eftir staðfestingu sveitarstjórnar á að umbótum væri lokið auk mats sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hafi tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar. Svarbréf sveitarstjórnar með upplýsingum um mat þeirra á framkvæmdum umbóta barst ráðuneytinu dags. 21. júní 2022.

Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins. Málinu er hér með lokið að hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergisdóttir

Sunna Viðarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri Hörðuvallaskóla, skólaráð Hörðuvallaskóla og skólanefnd Kópavogsbæjar.